

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Samkvæmt 25. gr. laga nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar þann 27. maí 2003 samþykkt deiliskipulag þriggja frístundalóða í Setbergi í landi Grafar í Laugardal.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð, sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Bláskógabyggð, 2. september 2003.*

**Sveinn A. Sæland**, oddviti Bláskógabyggðar.